

## Að sunnan- framhald

**Til** : oddviti@gogg.is  
**Frá** : mariabjork@n4.is  
**CC** : floahreppur@floahreppur.is;oddviti@vik.is;sveitastjori@vik.is;isolfur@hvolsvollur.is;Ágúst Sigurðsson;sveitastjori@klaustur.is;oddviti@klaustur.is;asta@arborg.is;bjomingi@hornafjordur.is;gunnsteinnro@gmail.com;gunnsteinn@olfus.is;aldis@hveragerdi.is;asborg@ismennt.is;bjarni@sudurland.is;odviti@gogg.is  
**Heiti** : Að sunnan- framhald  
**Málsnúmer** : 1509022  
**Málsaðili** : N4 Sjóvarp  
**Skráð dags** : 28.08.2015 11:31:01  
**Höfundur** : mariabjork@n4.is

Komið þið öll sæl og blessuð

Mig langar að byrja á að þakka ykkur fyrir frábært samstarf um þáttaröðina Að sunnan sem við á N4 erum afar glöð með enda fáum við miklar þakkir frá fólki allsstaðar á landinu fyrir þessa vel gerðu og skemmtilegu þætti.

Nú hefur fyrsta 24 þátta serían runnið sitt skeið og eðlilegt að huga að framhaldi.

Á fundi fulltrúa ykkar hjá SASS í byrjun sumars var okkur Margréti afar vel tekið og heyrði ég að nokkrir þeirra vildu eindregið fá Möggu til að búsetja sig í einhverju sveitarfélaganna. ( held að það sé einmitt á döfinni ...)

En nú langar okkur að vita hvort það sé áhugi á 12 þáttum til viðbótar á þessu ári sem hægt væri að byrja að taka sem allra fyrst þannig að fegurð og lífshættir Sunnlendinga á þessum árstíma fái notið sín.

Verðmiði þessara þátta er 250.000 + vsk á hvert sveitarfélag

Um framhald á næsta ári þurfum við svo að ræða fljótlega en við erum að reyna að vekja athygli sunnlenskra fyrirtækja á því að koma inn í þættina með auglýsingar sem ætti nú að vera orðið einfaldara miðað við áhorfstölur á þáttaröðina.

En stigum eitt skref í einu, við þurfum að klára þetta sem allra fyrst.

Get ég beðið ykkur sem þegar eruð ákveðin að taka þátt, að láta mig vita sem allra fyrst, þannig að við getum gengið til samninga við Möggu og Sighvat og náð fалlegum myndum og viðtölum af svæðinu.

Til gamans má geta þess að gerð voru 96 innslög í þáttunum 24, eins og lofað var, allir fengu jafna umfjöllun og svæðið í heild og SASS einnig sinn tíma.

Fyrir það var þó ekki rukkað sérstaklega.

Fjárhagslegur ávinningur stöðvarinnar var enginn en efnið og þættirnir skiluðu góðu áhorfi og fалlegu umtali og fyrir það erum við þakklát.

Allra bestu kveðjur

María Björk Ingvadóttir

Framkvæmda-og framleiðslustjóri N4

Sími 6604680